

Hörgársveit

Fréttabréf

3. árg., 17. tbl., 20. desember 2012

GLEÐILEG JÓL

Sveitarstjórn Hörgársveitar og starfsmenn á skrifstofu sveitarfélagsins óska íbúum þess gleði og friðar á jólum og farsældar á nýju ári með þökk fyrir árið sem er að líða.

Jólaball

Hin hefðbundna jólatrésskemmtun Hörgdæla verður haldin að **Melum laugardaginn 29. desember kl.13:30.**
Aðgangseyrir 350 kr. Allir velkomnir.

Nýársbrenna

Smárans verður **laugardaginn 5. janúar kl. 20** í malarkrúsunum norðan við Laugaland á Þelamörk. Að brennuni lokinni verður bingó og kaffi í Þelamerkurskóla. Þeir sem hyggjast leggja til efni í brennuna eru beðnir að hafa samband við Árna Arnsteins í Stóra-Dunhaga í síma 866 7501.

Hörgársveit

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475
Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is
Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri
Veffang: www.horgarsveit.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 30 19. desember 2012

Mætt voru: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Þór Helgason, Helgi Bjarni Steinsson, Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Fundarritari: Guðmundur Sigvaldason.

1. Fundargerð búfjárefirlitsnefndar á svæði 18, 20. nóvember 2012

Fundargerðin er í sex liðum. Þar er gerð grein fyrir vorsköðun búfjár 2012, landsfundi búfjárefirlitsmanna 2012, aukaefirliti búfjár 2012 og fjárhagsáætlun 2013, en hún var ekki lögð fram þar sem skv. fyrirleggjandi frumvarpi til laga um velferð dýra er gert ráð fyrir að kostnaður við búfjárefirlit færist frá sveitarfélögum til búfjáreigenda.

Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

2. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla, 28. nóvember 2012

Fundargerðin er í fjórum liðum. Þar er gerð grein fyrir endursköðun reglugerðar fyrir Tónlistarskóla Eyjafjarðar, fyrirhuguðum fundi með fulltrúum aðildarsveitarfélaganna, rafrænni innritun og fundi skólastjóra tónlistarskólanna í landinu.

Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

3. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar, 28. nóvember 2012

Fundargerðin er í einum lið, sem fjallar um drög að aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkti að leitað verði ráðgjafar lögfræðings um valkosti varðandi stefnu um flutningsleiðir rafmagns í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

4. Fundargerð framkvæmdastjórnar byggingafulltrúaembættis, 6. desember 2012

Fundargerðin er í fjórum liðum. Þar er gerð grein skipun formanns og ritara, fjárhagsáætlun 2013, gjaldskrá byggingaleyfisgjalda og samþykkt fyrir byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis.

Gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

5. Byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis, samþykkt

Lögð fram drög að samþykkt fyrir byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis, sem nær yfir Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahrepp, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhrepp. Þetta mál var áður á dagskrá fundar sveitarstjórnar 16. febrúar 2011, 22. júní 2011 og 14. desember 2011, en formgallar, að mati ráðuneytis, hafa ítrekað komið fram á þeim drögum sem áður hafa verið til afgreiðslu.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti.

6. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2013-2016, síðari umræða

Síðari umræða. Ný drög að fjárhagsáætluninni fyrir árið 2013 með breytingum í samræmi við nýjar upplýsingar. Þá lágu fyrir sömu drög að fjárhagsáætluninni fyrir árin 2014-2016 og lágu fyrir á fundi sveitarstjórnarinnar 21. nóvember 2012.

Sveitarstjórn samþykkti að mötuneytisgjald í Belamerkurskóla verði 500 kr. á dag frá 1. janúar 2013 og að gerður verði styrktarsamningur við Gásakaupstað ses. fyrir tímabilið frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2017 þar sem gert verði ráð fyrir framlagi upp á kr. 500.000 á ári.

Sveitarstjórn samþykkti framlögð drög að fjárhagsáætlun aðalsjóðs, eignasjóðs og veitna fyrir árin 2013-2016. Fjárhagsáætlunin fyrir árið 2013 gerir ráð fyrir að skatttekjur verði 378.138 þús. kr., að heildarrekstrarkostnaður A-hluta (nettó) verði 349.544 þús. kr. og að rekstrarhalli B-hluta sveitarsjóðs (veitna) verði 2.850 þús. kr., þannig að afgangur af rekstri samstæðunnar verði 25.744 þús. kr. og að veltufé frá rekstri verði 47.787 þús. kr. Til framkvæmda og annarra eignabreytinga eru áætlaðar 20,9 millj. kr. og áætlað er að í lok ársins 2013 verði handbært fé sveitarsjóðs 75.587 þús. kr.

Fjárhagsáætlunin fyrir árin 2014-2016 gerir ráð fyrir að á árinu 2014 verði afgangur af rekstri samstæðunni 26.300 þús. kr., og að á árinu 2015 verði afgangur af rekstri samstæðunnar 30.900 þús. kr., og að á árinu 2016 verði afgangur af rekstri samstæðunnar 33.000 þús. kr.

7. Samþykkt um stjórn og fundarsköp, fyrri umræða

Lögð fram tillaga að nýrri samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og fundarsköp sveitarstjórnar. Þau eru gerð skv. fyrimynd sem borist hefur frá innanríkisráðuneytinu, sbr. sveitarstjórnarlög nr. 138/2010.

Vísað til síðari umræðu.

8. Myrká, landskipti

Lagt fram bréf, dags. 27. nóvember 2012, frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu þar sem óskað er eftir umsögn/samþykki fyrir fyrirhuguð landskipti á Myrká, sem felast í því að 2.047 m² spilda verði tekin undir kirkjugarð.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti.

9. Barká, landskipti

Lagt fram bréf, dags. 29. nóvember 2012, frá Hermanni Jónssyni þar sem óskað er eftir umsögn fyrir fyrirhuguð landskipti á Barká, sem felast í því að 23.585 m² spilda verði tekin undan jörðinni fyrir land undir frístundahús.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti.

10. Hraun, landskipti

Lagt fram bréf, dags. 5. desember 2012, frá Hrauni í Öxnadal ehf. þar sem óskað er eftir umsögn fyrir fyrirhuguð landskipti á Hrauni, sem felast í því að 12 ha spilda verði tekin undan jörðinni fyrir land undir frístundahús.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti.

11. Dagverðareyri, landskipti

Lagt fram bréf, ódags., frá Gígy Snædal þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnarinnar á fyrirhuguðum landskiptum á Dagverðareyri. Landskiptin ganga út á að skógræktarsvæði jarðarinnar verði tekið undan henni. Svæðið er 107 ha að stærð.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti.

12. Skógræktarfélag Íslands, skógrækt á lúpínubreiðum

Lagt fram til kynningar bréf, dags. 30. nóvember 2012, frá Skógræktarfélagi Íslands þar sem hvatt er til skógræktar á lúpínubreiðum.

13. Fundargerð stjórnar Eypings, 21. nóvember 2012

Fundargerðin er í tólf liðum. Hún var lögð fram til kynningar.

Óskilatryppi

Á að giska 3 vetra brúnn hestur í óskilum að Auðbrekku I. Hann er ótaminn en ekkert mjög styggur. Frekar stór, meðal fax. Er örmerktur en örmerkið er ekki skráð.

Vinsamlega hafið samband við Benna í Auðbrekku, s. 659 0678

Svæðisskipulag – Kynningarfundur

Kynningarfundur um Svæðisskipulag Eyjafjarðar
verður haldinn á Hótel KEA 9. janúar 2013 kl. 20:00
Nánar auglýst síðar.

Jólasveinaheimsóknir

Þeir sem óska eftir sveinaheimsókn á aðfangadag (milli kl. 09:00 - 12:00) eiga að skila af sér merktum pökkum í leikskólann Álfastein í síðasta lagi kl. 12:00 föstudaginn 21. des. eða til Jóhannesar Gísla í Þríhyrningi fyrir kl.16:00 sunnudaginn 23. des.

Pakkarnir þurfa að vera í plastpoka sem merktur er með heimilisfangi og símanúmeri.

Hver heimsókn kostar 1.500,- kr. og skal greitt þegar pakkarnir eru afhentir í leikskólanum eða hjá Gísla.

Allar nánari upplýsingar veitir J. Gísli í síma 8945551.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 16. janúar í Þelamerkurskóla

Dagskrá fundarins mun birtast á www.horgarsveit.is síðdegis 14. janúar